

Söngbók



Fagraðstefna skógræktar 2026
Stracta hótél Hellu 18.-19. mars

1

SUMARNÓTT (Undir bláhimni)

Undir bláhimni blíðsumarsnætur
barst' í arma mér rósfagra mey.
Meðan döggin á grasinu grætur
gárast tjörnin af suðrænum þey.
Ég var snortin af yndisleik þínum
ástarþráin er vonunum felld.
Þú ert ljósblík á lífshimni mínum
þú ert ljóð mitt og stjarna í kveld.

Ég vil dansa við þig meðan dunar
þetta draumablíða lag sem ég ann.
Meðan fjörið í æðum funar
og af fögnuði hjarta mitt brann.
Og svo dönsuð við dattu, þá er gaman
meðan dagur í austrinu rís.
Og svo leiðumst við syngjandi saman
út í sumarsins paradís.

2

JÁTNING

Enn birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr
hver dagur sem ég lifð' í návist þinni.
Svo morgunbjört og fögur í mínum huga býr
hver minning um vor sumarstuttu kynni.
Og ástarljóð til þín verður ævikveðja mín
er innan stundar lýkur göngu minni.
Þá birtist mér í draumi sem dýrlegt ævintýr
hver dagur sem ég lifð' í návist þinni.

SKÓGARMANNASKÁL

Er kyn þótt skógarmenn og konur drekki?
 Ég held nú ekki, ég held nú ekki!
 Er kyn þótt skógarmenn og konur drekki?
 :,: Ég held nú ekki! Það er sjálfsagt mál :,:
 að systkin Pans, þau uni bezt við söng og skál.

Þau dafna blessuð trén, sem dag' og nætur
 um djúpar rætur, um djúpar rætur –
 þau dafna blessuð trén, sem dag' og nætur
 :,: um djúpar rætur teyga jarðar mjöð :,:
 og kenna sér aldrei meins, en eru kennd og glöð.

Og lærdóm tókum við af trjáanna dæmi.
 – Ef til þess kæmi, ef til þess kæmi –
 Og lærdóm tókum við af trjáanna dæmi.
 :,: Ef til þess kæmi, að öll skógartré :,:
 þau hættu að drekka, hvað haldið þið að myndi ske?

Æ, líf og heimsmenning þau hlyt' að kvolast
 og hrörn' og skolast, og hrörn' og skolast-
 æ, líf og heimsmenning þau hlyt' að kvolast
 og :,: hrörn' og skolast út í grænan sjó :,:
 Því tæmum við líka glas með okkar glaða skóg.

Í HALLORMSSTAÐASKÓGI

Í Hallormsstaðaskógi
 er angan engu lík.
 Og dögg á grasi glóir
 sem gull í Atlavík.
 Og fljótsins svanir sveipast
 í sólarlagsins eld.
 Og hlæjandi, syngjandi,
 frelsinu fagnandi,
 fylgjumst við burtu það kveld.

Úr Hallormsstaðarskógi
 ber angan enn í dag.
 Og síðan hefur sungið
 í sál mér þetta lag.
 Því okkar liðna ótta
 var engri nóttu lík.
 Og enn þá hún lifir
 í minningu minni
 sú mynd úr Atlavík.

LJÚFA ANNA

Ljúfa Anna láttu mig vissu fá
 þú ein getur læknað mín hjarta sár.
 Í kvöld er ég sigli á sænum
 í svala ljúfa blænum
 æ komdu þá, svo blíð á brá
 út í bátinn mér einum hjá.

VOR VIÐ SÆINN

Bjartar vonir vakna
í vorsins ljúfa blæ.
Bjarmar fyrir björgum,
við bláan sæ.

Fagur fuglasöngur
nú fyllir loftin blá,
brjóstin ungu bifast
af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð
í aftansólarglóð,
ég heyri mildan hörpuslátt.
Ég heyri huldumál,
er heillar mína sál,
við hafið svalt og safírblátt.

Komdu vina kæra,
ó, komdu út með sjó.
Bylgjur klettinn kyssa
í kvöldsins ró.

Viltu með mér vaka,
þú veist, ég elska þig,
komdu vina kæra
og kysstu mig.

VÍSUR ÍSLENDINGA

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonarhýrri brá?
Eins og á vori laufi skryðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá,
og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að bestu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,
því táraddagur falla stundum skjótt,
og vinir berast burt á tímans straumi
og blómin fölna á einni hélunótt.
Því er oss best að forðast raup og reiði
og rjúfa hvergi tryggð né vinarkoss;
en ef við sjáum sólskinsblett í heiði,
að setjast allir þar og gleðja oss.

NÚ GENG ÉG MEÐ Á GLEÐIFUND

Nú geng ég með á gleðifund
og gott er nú að vera frjáls
en aldrei sá ég svásra sprund
en svartan flöskuháls.

Er drepur sorg á dyr hjá mér
til dyranna ég glaður fer,
en segi: Ég í önnum er
og ekkert sinni þér.

Og svo geng ég þegar aftur inn,
og svo sýp ég glaður sopann minn
tek mér staup, fæ mér einn,
fæ mér tvo, fæ mér þrjá,
þeim fjórða sýp ég á.

VILTU MEÐ MÉR VAKA Í NÓTT

Viltu með mér vaka í nótt
vaka' á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ
lífnað fjör í bæ.
Viltu með mér vaka í nótt.

Vina mín kær, vonglaða mæ,ð,
ætíð ann ég þér
ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.

KOMDU Í KVÖLD

Komdu í kvöld
út í kofann til mín,
þegar sólin er sest
og mánninn skín.

Komdu hér ein,
því að kvöldið er hljótt,
og blómin öll sofa
sætt og rótt.

Við skulum vera hér heima
og vaka og dreyma.
Vefur nóttin örmum hlíð og dal.

Komdu í kvöld út í kofann til mín,
þegar sólin er sest
og mánninn skín.

VOR Í VAGLASKÓGI

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó.
Leiddu mig, vinur, í lundinn frá í gær,
lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum
lokkum og angandi rósum,
leikur í ljósum
lokkum hinn fagnandi blær.

Daggperlur glitra, um dalinn færast ró.
Draumar þess rætast, sem gistir Vaglaskóg.
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi, mild og angurvær.

Leikur í ljósum ...

ÉG ER KOMINN HEIM

Er völlum grær og vetur flýr
og vermir sólin grund.
Kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.
Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól.
Þar ungu lífi landið mitt
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökulinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim,
því ég er kominn heim.
Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já, ég er kominn heim.

HRÍSLAN OG LÆKURINN

Gott átt þú hrísla' á grænum bala
glöðum að hlýða lækjarnið.
Þið megið saman aldur ala
unnast og sjást og talast við.
Það slítur aldrei ykkar fundi,
indæl þig svæfa ljóðin hans.
Vekja þig æ af blíðum blundi
brennandi kossar unnustans.

Svo þegar hnígur sól til fjalla
sveigir þú niður limarnar,
lætur á kvöldin laufblað falla
í lækinn honum til ununar.
Hvíslar þá lækjar bláa buna,
brosandi kyssir laufið þitt.
„Þig skal ég ætíð, ætíð muna
ástríka, blíða hjartað mitt“.